

**Yfirlit um þróun og umfang ferðaþjónustunnar**  
Greinargerð unnin fyrir samgönguráðuneytið



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Október 2000

# Efnisyfirlit

<b>1.0 Skilgreiningar .....</b>	<b>5</b>
<b>2.0 Framlag til landsframleiðslu.....</b>	<b>6</b>
2.1 Hlutdeild einstakra greina í ferðaþjónustu .....	7
2.2 Ársverk í ferðaþjónustu .....	8
2.3 Ferðaþjónusta og útflutningstekjur .....	10
<b>3.0 Spurn eftir ferðaþjónustu. ....</b>	<b>11</b>
<b>4.0 Afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu og nýting .....</b>	<b>16</b>
4.1 Flugleiðir hf.....	16
4.2 Atlanta .....	17
<b>5 Framboð á þjónustu .....</b>	<b>17</b>
5.1 Gisting .....	17
5.2 Flugvélar.....	18
5.3 GO, lággjaldaflugfélag British Airways .....	18
<b>6.0 Framtíðarhorfur.....</b>	<b>19</b>

## Helstu hagstærðir

- Framlag ferðaþjónustu til vergrar landsframleiðslu hefur vaxið úr 4% árið 1996 í 4,5% árið 1999. Á sama tíma hefur hlutur fiskveiða í vergri landsframleiðslu fallið úr 9,7% í 7,5% en ál & kísiljámframleiðsla hefur vaxið úr 1,1% af vergri landsframleiðslu í 1,5%.
- Á þessum tíma hefur landsframleiðsla vaxið um 20.1%. Vöxtur landsframleiðslunnar var að meðaltali um 4,7% á ári á þessu tímabili en vöxtur í ferðaþjónustu var um 7,8% á ári á sama tímabili.
- Það er talið að um 5.400 manns hafi starfað í ferðaþjónustu í árslok 1999. Það er um 4% af mannafla. Í hótél- og veitingarekstri og samgöngum starfa samtals um 13.700 manns. Hluti af þeim mannafla er þegar talinn í ferðaþjónustu.
- Hlutdeild ferðaþjónustu í útflutningstekjum hefur vaxið úr 10,9% árið 1990 í 13% árið 1999. Á sama tíma hefur hlutdeild annarra samgöngutekna vaxið úr 6,5% í 8,9%.
- Á áratugnum sem er að líða hefur hefur komum erlendra ferðamanna til landsins fjölgað um 8% á ári. Á árunum 1987 – 1997 fjölgaði ferðamönnum sem fóru yfir landamæri í heiminum að meðaltali um 5,2% á ári.
- Þrátt fyrir verulega fjölgun ferðamanna til Íslands á liðnum árum hefur afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu ekki batnað og er í sumum tilfellum óviðunandi. Hár fastur kostnaður og mikil árstíðasveifla hefur mikil áhrif á afkomuna.
- Þegar ferðamenn sem koma til Íslands eru greindir eftir þjóðernum kemur í ljós að Bandaríkjamenn eru nú flestir. Árið 1997 fór fjöldi Bandaríkjamanna fram úr fjölda Þjóðverja. Þjóðverjar dvelja hins vegar lengur en aðrir ferðamenn á háönn en Frakkar dvelja lengst á lágönn. Ef litið er á Norðurlönd sem eitt markaðssvæði, þá kemur í ljós að fjöldi ferðamanna þaðan er álíka og fjöldi ferðamanna frá Bandaríkjunum og Þýskalandi.
- Í skýrslunni er sett fram samband gengis íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og fjölda ferðamanna. Hækkun USD gagnvart IKR fer saman við aukningu á hlutdeild bandarískra ferðamanna í komum til Íslands á sama hátt og lækkun EUR/DEM/FFR gagnvart IKR fer saman við lækkun á hlutdeild ferðamanna frá þessum löndum í hópi erlendra ferðamanna. Tölfræðileg athugun bendir til að um marktækt samband sé að ræða. Hafa ber þó þann fyrirvara að athugunin nær yfir mjög stutt tímabil. Hins vegar virðist lækkað gengi DKR ekki hafa jafn mikil áhrif á komur ferðamanna frá Norðurlöndum.
- Framtíðarhorfur í ferðaþjónustu á Íslandi ráðast af tvennu.
  1. Efnahagsástandi í heiminum.
    - Efnahagsástand í heiminum á liðnum árum hefur einkennst af velsæld austanhafs og vestan, þrátt fyrir lækkun á gengi EUR gagnvart USD. Íslensk

ferðaþjónusta hefur notið þessarar hagsældar með mikilli fjölgun erlendra ferðamanna.

- Blikur eru nú á lofti vegna hækkandi olíuverðs. Ferðaþjónusta er verulega háð verði á olíuvörum.
2. Getu innlendra fyrirtækja og samstarfsaðila þeirra til að veita þjónustu í samkeppni við erlendar borgir með margra alda hefð í móttöku ferðamanna. Flutningur ferðamanna til og frá landinu er í góðu horfi en aðstaða til móttöku gesta á dýrari enda markaðarins er takmörkuð.
- Reykjavík og nágrenni er miðstöð ferðaþjónustu á Íslandi. Ef ekki er til fullkomin aðstaða til móttöku ferðamanna í Reykjavík er ekki hægt að búast við mikilli aukningu í komum erlendra ferðamanna á landsbyggðina.
  - Á sama hátt bendir ýmislegt til þess að hnignandi atvinnulíf á landsbyggðinni leiði af sér færri gesti á landsbyggðina í viðskiptaerindum á lágönn ferðaþjónustunnar með lakari nýtingu og afkomu.
  - Uppbygging á innviðum ferðaþjónustu í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli og öflugt atvinnulíf á landsbyggðinni skipta meginmáli fyrir ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

## 1.0 Skilgreiningar

Ferðaþjónusta er ekki einstök atvinnugrein í skilningi þjóðhagsreikninga. Greinin er samsett af mörgum atvinnugreinum sem eiga viðskipti við ferðamenn en sinna jafnframt öðrum viðskiptahópum og erfitt er að finna skörp skil. Vissulega fylgir óvissa slíku mati en engu að síður gefur yfirlit yfir langt tímabil góðan mælikvaða á þær breytingar sem kunna að verða í atvinnugreininni og ekki síður í samanburði við aðrar atvinnugreinar.

Núverandi skilgreining þjóðhagsstofnunar á ferðaþjónustu er eftirfarandi:

Hlutfall tekna	Atvinnugrein
90%	Gististaðir (863)
30%	Veitingastaðir (862)
58%	Samgöngur á landi (712 & 712)
4,5%	Samgöngur á sjó (715)
80%	Flugsamgöngur (717& 718)
12%	Menning & afþreying (94)
100%	Ferðaskrifstofur (719))
18%	Sport & minjagripir (628)
9%	Blönduð verslun (629)

Með þessari skilgreiningu er unnt að bera ferðaþjónustu saman við aðrar atvinnugreinar. Í umfjöllun um ferðaþjónustu er reynt að meta áhrif ferðalaga á efnahagslíf með tvennum hætti:

- Áhrif ferðalaga á efnahagssvæði þess sem ferðast. Reynt er að meta útgjöld vegna ferðalaga.  
Samkvæmt vísitölu neysluverðs eru útgjöld til ferðalaga um 5% af útgjöldum heimilis.
- Áhrif ferðalaga á efnahagssvæði þar sem er ferðast. Ferðaþjónusta er áætluð um 4,5% af vergri landsframleiðslu ársins 1999.


Með lágönn er átt við tímabilið september –maí.

Með háönn er átt við tímabilið júní – ágúst.

## 2.0 Framlag til landsframleiðslu

Framlag einstakra atvinnugreina til landsframleiðslu er sú viðmiðun sem notuð er til að mæla vöxt og viðgang atvinnugreinanna innan efnahagsstarfseminnar. Samkvæmt framangreindri skiptingu hefur hlutdeild ferðaþjónustu í landsframleiðslu verið sem hér segir:

1996	1997	1998	1999
4,0%	4,3%	4,5%	4,5%



Vöxtur greinarinnar hefur verið um 11% umfram almennan vöxt efnahagsstarfseminnar í heild.

Á því tímabili sem athugunin nær yfir hefur hlutur landbúnaðar, fiskveiða, fiskvinnslu og ál & ksiljárnframleiðslu verið sem hér segir:

	1996	1997	1998	1999
Landbúnaður	2,10%	1,90%	2,00%	2,00%
Fiskveiðar & fiskvinnsla	14,30%	12,70%	11,80%	11,10%
Ál & ksiljárnframleiðsla	1,14%	1,19%	1,40%	1,61%


## 2.1 Hlutdeild einstakra greina í ferðaþjónustu

Framlag einstakra greina ferðaþjónustunnar er mjög mismunandi eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu og myndum:

	1996	1997	1998	1999
Flugsamgöngur (717 & 718)	48,80%	49,70%	49,00%	48,70%
Veitingastaðir (862)	11,60%	11,30%	11,70%	11,80%
Gististaðir (863)	10,70%	10,40%	10,70%	10,90%
Samgöngur á landi (712 & 712)	10,40%	10,60%	10,50%	10,40%
Ferðaskrifstofur (719)	6,90%	7,00%	6,90%	6,90%
Menning & afþreying (94)	6,20%	5,80%	5,90%	5,90%
Blönduð verslun (629)	2,70%	2,60%	2,60%	2,70%
Sport & minjagripir (628)	1,40%	1,30%	1,30%	1,40%
Samgöngur á sjó (715)	1,40%	1,40%	1,40%	1,40%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%


Hlutur einstakra greina breytist mjög lítið innbyrðis á tímabilinu. Flugsamgöngur eru eins og áður langmikilvægasti þáttur ferðaþjónustunnar. Á næstu mynd er flugsamgöngum sleppt til að hægt sé bera greinarnar saman á sama kvarða.

### Hlutur einstakra greina í ferðaþjónustu, flugsamgöngur undanskildar




## 2.2 Ársverk í ferðaþjónustu

Í árslok 1999 störfuðu um 5.300 manns í ferðaþjónustu. Það er um 4% af heildarmannafla.



Hér fer á eftir yfirlit um þróun mannafla í einstökum atvinnugreinum. Í þeirri skiptingu hefur hlutur ferðaþjónustu ekki verið reiknaður sérstaklega.







### 2.3 Ferðapjónusta og útflutningstekjur


Í töflu hér að neðan koma fram útflutningstekjur einstakra greina s.l. 10 ár. Jafnframt er sett fram í súluritinu hlutdeild einstakra greina í heildarútflutningi.

#### Útflutningur niður á atvinnugreinar í milljörðum

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Sjávarafurðir	69,9	73,2	69,9	74,6	84,8	83,9	92,6	93,6	99,2	97,7
Landbúnaður	1,8	1,6	1,6	1,6	2,1	2,1	2,5	2,1	2	2,1
Ál og kísiljárn	12	9,8	9,7	10,6	13,5	15,5	15,9	18,9	21,6	25,7
Önnur iðnaðarframleiðsla	6,9	6,1	5,4	5,9	7,5	9,5	9,1	9,9	9,9	11,4
Annað-Ýmsar vörur	2	0,8	1,2	1,9	4,6	5,7	5,5	6,7	3,9	8
Ferðapjónusta	13,6	14,2	13,4	15,7	17,8	19,9	20,8	22,3	26,3	27,9
Aðrar samgöngutekjur	8,2	8	6,8	10	10,9	9,4	13,4	15,8	19,4	19,1
Önnur þjónusta	10,7	12	13,6	15,3	16	15,3	17	21,7	22,3	23,1
<b>Samtals</b>	<b>125,1</b>	<b>125,7</b>	<b>121,6</b>	<b>135,7</b>	<b>157,4</b>	<b>161,2</b>	<b>176,8</b>	<b>190,9</b>	<b>204,7</b>	<b>215,1</b>

Hluttur ferðapjónustu og annarra samgangna í heildarútflutningi vöru og þjónustu hefur vaxið úr 17,4% í 21,18% frá 1990.

#### Hlutdeild einstakra atvinnugreina í útflutningi vöru og þjónustu




### 3.0 Spurn eftir ferðþjónustu.

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað um 117% á þeim áratug sem nú er að líða. Það er um 8% aukning á hverju ári.

Það má gera ráð fyrir að 60% umsvifa ferðþjónustunnar séu vegna erlendra ferðamanna, 35% séu vegna innlendra ferðamanna og að 5% séu vegna fyrirtækja og stofnana.

Meðfylgjandi mynd sýnir fjölda erlendra ferðamanna í einstökum mánuðum á árunum 1990 og 2000.




Eins og sjá má fjölgar erlendum ferðamönnum hlutfallslega meira á jaðartímum en á háönn ferðþjónustunnar. Þrátt fyrir þessa þróun koma 56% erlendra ferðamannana til landsins á tímabilinu maí – ágúst en fyrir 10 árum komu 64% erlendra ferðamanna á háönn í maí - ágúst.

Í alþjóðlegum samanburði er þessi vöxtur mjög mikill. Í skýrslu **World Tourism Organization** kemur fram að alþjóðleg ferðalög jukust um 4,5% á ári á sama tímabili. Eru þá ótalin ferðalög innan sama svæðis.

Þjóðhagsstofnun hefur spáð 9% aukningu í komu erlendra ferðamanna á næsta ári. Er þá gert ráð fyrir heldur meiri aukningu á jaðartímum en á háannatíma. WTO gerir ráð fyrir að ferðalög milli landa aukist um 4,3% til ársins 2020. Að mati WTO hafa aðeins fáir íbúar heimsins ferðast út fyrir heimaland sitt og því er ekki óraunhæft að spá aukningu í alþjóðlegum ferðalögum umfram fólksfjölgun.


Það er mjög óraunhæft að reikna með því að í framtíðinni verði aukning á komu erlendra ferðamanna til Íslands mikið umfram aukningu ferðalaga í heiminum vegna takmarkaðrar afkastagetu í greininni og mikillar árstíðasveiflu.



### 3.1 Erlendir ferðamenn eftir þjóðernum

Útlendingaefirlit gefur mánaðarlega út skár um komur erlendra ferðamanna eftir þjóðernum.

Myndin endurspeglar mikilvægi helstu hópa erlendra ferðamanna eftir þjóðernum.








Dvalartími erlendra ferðamanna á Íslandi er mjög mismunandi. Samkvæmt könnun ferðamálaráðs var meðaldvalartími eftir þjóðernum eftirfarandi:

	Háannatími 3 mánuðir Dagar	Utan háannatíma 9 mánuðir Dagar
Allir er. ferðamenn	10	5
Norðurlandabúar	8,1	4,6
Þjóðverjar	12,9	6
Bandaríkjamenn	6,2	4
Bretar	8,7	4,6
Frakkar	12,4	7,5

Á þeim árum sem eru til umfjöllunar hefur þýskum ferðamönnum fækkað um 6% en bandarískum ferðamönnum hefur fjölgað um 44%. Þróun á þessu ári er mjög í sömu átt. Þessi þróun er í samræmi við þróun á gengi gjaldmiðla þessara þjóða. Á næstu myndum er gerð tilraun til að sýna samhengi í fjölda ferðamanna og gengis mynta gagnvart íslenskri krónu.

Þar kemur fram að gengi myntanna gagnvart íslenskri krónu er í beinu sambandi við hlut ferðamanna í heildarfjölda nema hvað varðar Norðurlandabúa þar sem hlutdeild Norðurlandabúa vex á sama tíma og gengi DKK lækkar gagnvart íslenskri krónu. Athuganirnar ná yfir fá ár en athugun á tölfræðilegu sambandi bendir til sterks sambands gengis og fjölda ferðamanna, sérstaklega hvað varðar þýska ferðamenn.





#### 4.0 Afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu og nýting

Við mat á afkomu í ferðaþjónustu er stuðst við gögn í skattskilum fyrirtækja í veitinga- og hótélrekstri. Fyrirliggjandi gögn ná til ársins 1997 en úrvinnslu fyrir árið 1998 er ekki að fullu lokið.

Hagnaður af reglulegri starfsemi				
sem hlutfall af tekjum:	1994	1995	1996	1997
Atvinnurekstur alls	3,1%	3,7%	3,5%	3,3%
Helstu greinar ferðaþjónustu:				
Flugsamgöngur	2,2%	2,6%	2,4%	- 2,0%
Veitingarekstur	1,3%	- 0,4%	0,9%	- 1,9%
Hótélrekstur	- 3,3%	2,2%	- 2,2%	- 6,0%
Ferðaskrifstofurekstur	4,2%	3,2%	1,8%	0,1%

Samkvæmt heildarefnahagsyfirliti fyrirtækja árið 1997 er bókfært eigið fé í veitinga- og hótélrekstri 5,2% af eignum og 34,2% í samgöngum. Tekið skal fram að Eimskipafélag Íslands hf. er í þeim flokki og kann það að hækka eignfjárlutfall greinarinnar litillega.

*Á þeim árum sem athuginin nær til er afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu áberandi lakari en í atvinnurekstri alls. Afkoma greinarinnar verður að teljast óviðunandi. Vísbendingar um afkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu, sem skráð eru á Verðbréfaþingi, á fyrri hluta þessa árs benda ekki til þess að afkoman hafi batnað og er afkoma þeirra fyrirtæka áhyggjuefni fyrir atvinnugreinina. Fyrirtækin eru Flugleiðir hf og Samvinnuferðir / Landsýn hf.*

*Á þeim tíma sem um ræðir hefur erlendum ferðamönnum fjölgað verulega án þess að það hafi leitt til betri afkomu í greininni.*

#### 4.1 Flugleiðir hf

Það er einkenni ferðaþjónustunnar á Íslandi, að það er eitt fyrirtæki, Flugleiðir hf, sem hefur yfirgnæfandi markaðshlutdeild á íslenskum markaði. Félagið hefur unnið markvisst að því að færa út starfsemi sína.

Flugleiðir hf er nú með u.p.b. 60% markaðshlutdeild í farþegaflutningum til og frá Íslandi. Stærð Flugleiða hf. og markaðshlutdeild hefur enn sem komið ekki skilað sér í varanlega bættri afkomu fyrirtækisins. Frá því að Flugleiðir hf urðu til við sameiningu Flugfélags Íslands hf og Loftleiða hf hafa verið stofnuð a.m.k. átta fyrirtæki til að hefja flugrekstur í samkeppni við Flugleiðir hf. Rekstur þeirra allra hefur endað með verulegu tapi eða gjaldþroti. Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir ferðaþjónustuna í heild og hefur raskað samkeppnisaðstæðum án þess að hafa leitt til betri kjara fyrir neytendur þegar til lengri tíma er litið.



## 4.2 Atlanta

Flugfélagið Atlanta hf hefur haslað sér völl á alþjóðavettvangi í leiguflugi. Ekki liggja fyrir gögn hjá Þjóðhagsstofnun um umfang starfsemi fyrirtækisins að öðru leyti en því að velta fyrirtækisins var um 11 milljarðar króna á árinu 1999. Tekjur vegna seldrar þjónustu Atlanta hf eru flokkaðar með öðrum samgöngum.

## 5 Framboð á þjónustu

### 5.1 Gisting

Á þeim áratug sem er að líða hefur gistirými aukist um 90 – 95%.

	1990	1999	Aukning
Gistirúm	6.397	12.471	94,50%
Gistiherbergi	3.388	6.150	88,20%

Á árinu 1999 eru 52% af framboðnum herbergjum í Reykjavík og 68% af seldum gistinóttum eru einnig í Reykjavík.

Nýting herbergja á hótelum og gistiheimilum er mjög misjöfn eftir árstíma. Í janúar og desember er nýtingin um 20% en um 70% á háönn í júlí og ágúst.

Árstíðasveiflan er mun meiri úti á landi en þar eru gistinætur í janúar og desember rúmlega 7.000 en um 160.000 í júlí.<sup>1</sup>

Það er áleitinn spurning hvort mikill munur á nýtingu á gistaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni stafir af því að gestir í viðskiptaerindum gista meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Gestir í viðskiptaerindum eru fremur en ferðamenn fullborgandi gestir því ferðamenn gista fremur á afsláttarkjörum.

Þessar vísbendingar um mjög litla nýtingu á gistaðstöðu á landsbyggðinni og tilgáta um gesti í viðskiptaerindum skýra að hluta rýra afkomu í ferðaþjónustu.

Öll aukning í gistirými er í lægri gæðaflokkum gistingar. Það hefur ekkert hótél verði byggt, sem uppfyllir gæðakröfur fyrir 4\* eða 5\* hótél, hér á landi í rúman áratug.

Hagstofan safnar enn fremur upplýsingum um gistirými í orlofshúsbyggðum, á farfuglaheimilum, í svefnpokaplássum og heimagististöðum. Það er talið að fjöldi slíkra gististaða sé tæplega 300. Ekkert er hægt að segja til afkomu þessa hluta ferðaþjónustunnar.

<sup>1</sup> Heimild: Gistiskýrslur 1999, Hagstofan

## 5.2 Flugvélar

Á sama tíma og framboð á gistirými hefur tæplega tvöfaldast hefur flugvélafloti Flugleiða hf einnig tæplega tvöfaldast með kaupum á nýjum flugvélum.

Með því er hægt að bjóða innlendum og erlendum ferðamönnum uppá fullkomnar samgöngur til Evrópu og til Bandaríkjana 18 - 20 sinnum á dag allan ársins hring. Framboðin sæti frá Íslandi eru um 3.500 til 4.500 á dag. Það er mat Þjóðhagsstofnunar að flugsamgöngur til og frá landinu séu reknar á mjög háu þjónustustigi. Árstíðasveiflan í farþegaflutningum er mjög svipuð og nýtingu á gistaðstöðu.

Afkoma í ferðaþjónustu ræðst af því hvernig tekst að bæta nýtingu fastafjármuna í greininni, einkum utan háannatíma í júlí og ágúst. Umfangsmiklar fjárfestingar í ferðaþjónustu geta vart orðið arðsamar að öðrum kosti.

Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslum Flugleiða hf mun félagið ekki fjölga flugvélum í flugflota sínum á næstu 3 árum en gert er ráð fyrir að flugflotinn stækki með endurnýjun þriggja flugvéla, sem eru í staðfestri pöntun. Endurnýjuð flugvél leiðir til 2 – 3% aukningar í afkastagetu félagsins.

## 5.3 GO, lággjaldaflugfélag British Airways

Sumarið 2000 flaug eitt breskt áætlunarflugfélag, GO, til Íslands. Alls var flogið í 18 vikur. Sætanyting var 87%. 75% bókana komu erlendis frá og 25% frá Íslandi. Ekki liggja fyrir neinar haldbærar upplýsingar um áform um reglulegt áætlanaflog annarra flugfélaga á næstu árum til Íslands, annars en GO.

## 6.0 Framtíðarhorfur

- Reykjavík og nágrenni er miðstöð ferðaþjónustunnar á Íslandi. Flestir ferðamenn koma til Reykjavíkur og fara í ferðir út frá Reykjavík. Á liðnum árum hefur lítil uppbygging átt sér stað í dýrari enda ferðaþjónustumarkaðarins. Frá árinu 1995 hefur gististöðum með færri en 60 rúmum fjölgað úr 166 í 199 en gististöðum með 60 gistirúmum og fleiri hefur fjölgað úr 45 í 55. Ekkert nýtt 4 stjörnu hótél hefur risið á þessum tíma. Skortur á aðstöðu fyrir ráðstefnur og fundi kann að fara að há ferðaþjónustunni á Íslandi á komandi árum því veruleg samkeppni ríkir um þennan hluta markaðarins.
- Með því að höfuðborgarsvæðið er miðstöð ferðaþjónustunnar er eðlilegt að sveitarfélög á svæðinu leggi sitt að mörkum til að bæta aðstöðu fyrir ferðaþjónustu þar..
- Áform um byggingu ráðstefnu- og tónlistarmiðstöðvar samhliða byggingu gæðahótela í miðborg Reykjavíkur eru áhrifamikill þáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi og mun framkvæmdin hafa áhrif langt út fyrir svæðið.
- Í landkynningu er lögð áhersla á hreinleika íslenskrar náttúru og forna menningu þjóðarinnar. Ekki verður séð að uppbygging mannvirkja á hálendi Íslands hafi dregið úr komum erlendra ferðamanna til Íslands á liðnum árum. Líkur benda jafnvel til að uppbygging á hálendinu hafi gert hálendið aðgengilegra ferðamönnum. Á sama hátt er uppbygging atvinnulífs á landsbyggðinni stuðningur við uppbyggingu ferðaþjónustu þar.
- World Tourism Organization gerir ráð fyrir að erlendum ferðamönnum til Evrópulanda muni fjölga um 3,4% á ári fram til ársins 2020. Slík spá er að sjálfsögðu háð efnahagsaðstæðum í heiminum. Erlendum ferðamönnum fjölgaði um 4,4% á árunum 1990 – 1995. Á þeim árum fór heimurinn í gegnum efnahagslægð af völdum Persaflóastríðsins. Spá WTO er því varleg en vissulega geta forsendur í efnahagslífi heimsins versnað en þá mun samdráttur í neyslu koma fyrst fram í ferðalögum. Hátt olíuverð hefur áhrif á ferðaþjónustu því flest farartæki ferðaþjónustunnar eru oliuknúin.
- Þjóðhagsstofnun hefur spáð því að á næsta ári muni erlendir ferðamenn sem koma til landsins verða um 335.000 en það er væntanlega um 9% aukning frá því sem var á þessu ári. Afkastageta ferðaþjónustunnar annar ekki slíkri aukningu til lengri tíma nema að til komi verulega bætt nýting á lágönn.
- Það er margt sem bendir til að ferðaþjónusta geti staðið undir hagvexti á komandi árum. Áframhaldandi uppbygging í greininni og sérstaklega bætt nýting þeirrar afkastagetu sem fyrir er, eru forsenda vaxtarins.